

**Nd.**

**446. Lög**

um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öl skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxta'ót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

3. gr. laganna verði þannig:

Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með vaxta-  
miðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að bréfin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (inn-  
kölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabréfaupphæðina, sem í  
umferð er sett, þannig, að skuldabréfin sju öll innkölluð og innleyst í lok þess  
umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er bréfin voru sett í umferð. Stjórn-  
inni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun bréfanna getur ráðherra sett með reglu-  
gerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

4. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar, á framanskráðum  
lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf, og  
síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.